

Málstraumur Málraun		Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
		Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpi	Loftlína kr./stólpi
110 A	3-fasa 60 000.00	12 100.00	—	—	21 000.00
200 A	3-fasa 34 100 00	—	2 500.00	—	—
315 A	3-fasa 103 400.00	—	3 400.00	—	—
390 KVA	3-fasa 275 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
500 KVA	3-fasa 440 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
800 KVA	3-fasa 715 000.00	—	Skv. kostn.	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádragnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta úttingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í hitaveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur og verðjöfnunargjald, svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29 apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 355 18. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Tálknafjarðarhreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ.á.m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirætlum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum, eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. febrúar 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Dórunn Klemenzdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41 24. mars 1956 um happdrætti Dvalar-
heimilis aldraðra sjómanna, sbr. reglugerð nr. 36 10. febrúar 1972.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 4800 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti a. m. k. kr. 163 800 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D.A.S. ákveður fjölda vinninga og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 4 200.00, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki er kr. 350.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu,